

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 715/2009****2017/EES/31/44**

frá 13. júlí 2009

**um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1775/2005 (\*)**

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Innri markaðurinn fyrir jarðgas, sem komið hefur verið til framkvæmda í áföngum frá 1999, miðar að því að koma á raunverulegu vali fyrir neytendur í Bandalaginu, hvort sem þeir eru borgarar eða fyrirtæki, nýjum viðskiptatækifærum og meiri viðskiptum yfir landamæri, í því skyni að ná aukinni skilvirkni, samkeppnishæfu verði og herra þjónustustigi, og að stuðla að afhendingaröryggi og sjálfbærni.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/55/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur fyrir innri markaðinn fyrir jarðgas <sup>(4)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1775/2005 frá 28. september 2005 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas <sup>(5)</sup> voru mikilvægt framlag til þess að skapa innri markað fyrir jarðgas.
- 3) Reynslan af framkvæmd og eftirliti fyrsta hluta viðmiðunarreglna um góðar starfsvenjur, sem hópur evrópskra eftirlitsaðila fyrir gas (Madríd-hópurinn) samþykkti 2002, sýnir að til þess að tryggja fulla framkvæmd reglnanna, sem settar eru fram í viðmiðunarreglunum, í öllum aðildarríkjunum og til þess að veitt sé lágmarksábyrgð á jöfnum skilyrðum fyrir markaðsaðgangi í reynd, er nauðsynlegt að kveða á um að þær verði framfylgjanlegar samkvæmt lögum.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 93/2017 frá 5. maí 2017 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB C 211, 19.8.2008, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB C 172, 5.7.2008, bls. 55.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 9. júlí 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum), sameiginleg afstaða ráðsins frá 9. janúar 2009 (Stjttíð. ESB C 75 E, 31.3.2009, bls. 38) og afstaða Evrópuþingsins frá 22. apríl 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum). Ákvörðun ráðsins frá 25. júní 2009.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 57.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. ESB L 289, 3.11.2005, bls. 1.

- 4) Annar bálkur sameiginlegra reglna, sem ber yfirskriftina „aðrar viðmiðunarreglur um góðar starfsvenjur“, var samþykktur á fundi Madríd-hópsins 24. til 25. september 2003 og í þessari reglugerð er mælt fyrir um, á grundvelli þessara viðmiðunarreglna, grundvallarreglur og reglur að því er varðar kerfisaðgang og aðgangspjónustu þriðju aðila, viðbrögð við kerfisöng, gagnsæi, jöfnun og viðskipti með flutningsgeturétt.
- 5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas <sup>(6)</sup> gerir kleift að hafa sameiginlegan flutnings- og dreifikerfisstjóra. Þess vegna þarf ekki að breyta reglunum sem settar eru fram í þessari reglugerð að því er varðar skipulag flutnings- og dreifikerfa í hverju ríki fyrir sig sem eru í samræmi við viðeigandi ákvæði þeirrar tilskipunar.
- 6) Háþrýstleiðslur, sem tengja staðbundna dreifingaraðila við gaskerfið en eru ekki fyrst og fremst notaðar í tengslum við staðbundna dreifingu, falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.
- 7) Nauðsynlegt er að setja viðmiðanir, sem farið er eftir þegar gjaldskrár fyrir aðgang að kerfinu eru ákvarðaðar, til þess að tryggja að þær séu að öllu leyti í samræmi við meginregluna um bann við mismunun og stuðli að vel starfhæfum innri markaði, að fullt tillit sé tekið til þarfar á heildstæðu kerfi og að gjaldskrár endurspegli raunverulegan kostnað, að svo miklu leyti sem þess háttar kostnaður samsvarar kostnaði skilvirks og skipulagslega sambærilegs kerfisstjóra og er gagnsær, ásamt því að tilhlýðilegur arður fái af fjárfestingum og, þar sem við á, að tekið sé mið af þeim viðmiðunum sem eftirlitsyfirvöld setja fyrir gjaldskrár.
- 8) Við útreikning á gjaldskrár fyrir aðgang að kerfum er mikilvægt að tekið sé tillit til raunverulegs kostnaðar, að svo miklu leyti sem slíkur kostnaður samsvarar kostnaði skilvirks og skipulagslega sambærilegs kerfisstjóra og er gagnsær, einnig þarf að taka tillit til þess að nauðsynlegt er að tilhlýðilegur arður fái af fjárfestingum og jafnframt hvatning til þess að byggja nýtt grunnvirki, þ.m.t. sérstök eftirlitsmeðferð nýrra fjárfestinga eins og kveðið er á um í tilskipun 2009/73/EB. Í þessu tilliti, einkum ef virk samkeppni er fyrir hendi varðandi lagningu leiðslna, verður það mikilvægt atriði að eftirlitsyfirvöld setji viðmiðanir fyrir gjaldskrár.
- 9) Notkun markaðstengds fyrirkomulags, s.s. uppboða, til að ákvarða gjaldskrár verður að samrýmast ákvæðunum sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/73/EB.

<sup>(6)</sup> Stjttíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 94.

- 10) Sameiginleg lágmarksaðgangspjónusta þriðju aðila er nauðsynleg til að koma á, í reynd, sameiginlegum lágmarksstaðli fyrir aðgang í öllu Bandalaginu, til að tryggja að aðgangspjónusta þriðju aðila sé nægilega samhæfð og til að geta nýtt ávinninginn af vel starfhæfum innri markaði fyrir jarðgas.
- 11) Sem stendur eru hömlur á gassölu á jafnréttisgrundvelli, án mismununar eða óhagræðis í Bandalaginu. Einkum er ekki enn fyrir hendi netaðgangur án mismununar og jafnskilvirkt opinbert eftirlit í hverju aðildarríki fyrir sig, og einangraðir markaðir fyrirfinnast enn.
- 12) Nægilegri flutningsgetu samtengileiðslna fyrir gas yfir landamæri skal náð og stuðlað að markaðssamþættingu til að koma endanlega á innri markaði á sviði jarðgass.
- 13) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 10. janúar 2007 sem ber yfirskriftina „Stefna í orkumálum fyrir Evrópu“ er lögð áhersla á mikilvægi tilkomu innri markaðarins fyrir jarðgas og að skapa jöfn samkeppnisskilyrði allra jarðgasfyrirtækja í Bandalaginu. Orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 10. janúar 2007 sem bera yfirskriftirnar „Horfur á innri gas- og raforkumarkaðinum“ og „Fyrirspurn skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 um gas- og raforkugeirana í Evrópu (lokaskýrsla)“ sýndu að núverandi reglur og aðgerðir veita hvorki nauðsynlegan ramma né skapa flutningsgetu samtengileiðslna til að markmiðinu um vel starfhæfan, skilvirkan og opinn innri markað verði náð.
- 14) Auk ítarlegrar framkvæmdar núverandi regluramma skal regluramma um innri markað fyrir jarðgas sem settur er fram í reglugerð (EB) nr. 1775/2005 aðlagður í samræmi við þessar orðsendingar.
- 15) Einkum er þörf á aukinni samvinnu og samræmingu milli flutningskerfisstjóra við að semja kerfisreglur til að veita og stýra skilvirkum og gagnsæjum aðgangi að flutningskerfum yfir landamæri, og að tryggja samhæfingu og nægilega framsýni við áætlanagerð og örugga tækniþróun flutningskerfa innan Bandalagsins, þ.m.t. að skapa flutningsgetu samtengilfna, þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til umhverfisins. Kerfisreglurnar skulu vera í samræmi við rammaviðmiðunarreglur, sem eru ekki bindandi í eðli sínu (rammaviðmiðunarreglur) og sem eru þróaðar af Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009 13. júlí 2009 um að koma á fót Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði<sup>(1)</sup> (stofnunin). Stofnunin skal gegna hlutverki við að endurskoða, á grunni staðreynda, drög að kerfisreglum, þ.m.t. reglufylgni þeirra við rammaviðmiðunarreglur, og henni skal gert kleift að mæla með að framkvæmdastjórnin samþykki þær. Stofnunin skal meta tillögur að breytingum á kerfisreglum og henni skal gert kleift að mæla með að framkvæmdastjórnin samþykki þær. Flutningskerfisstjórar skulu starfrækja net sín í samræmi við þær kerfisreglur.
- 16) Stofna skal Evrópunet gasflutningskerfistjóra (e. *ENTSO for Gas*) í þeim tilgangi að tryggja sem besta stjórnun gasflutningskerfisins í Bandalaginu. Verkefni Evrópunets gasflutningskerfistjóra skulu leyst af hendi í samræmi við samkeppnisreglur Bandalagsins sem gilda áfram um ákvarðanir Evrópunets gasflutningskerfistjóra. Verkefni Evrópunets gasflutningskerfisstjóra skulu vera vel skilgreind og vinnuaðferð þess skal tryggja skilvirkni, gagnsæi og fulltrúahlutverk Evrópunets gasflutningskerfisstjóra. Kerfisreglum Evrópunets gasflutningskerfisstjóra er ekki ætlað að koma í staðinn fyrir nauðsynlegar landsbundnar kerfisreglur vegna málefna sem ná ekki yfir landamæri. Þar sem hægt er að tryggja skilvirkari framfarir með svæðisbundinni nálgun, skulu flutningskerfisstjórar kom upp svæðisbundnu skipulagi innan heildarskipulags samstarfsins og um leið tryggja, að árangur eftir svæðum samrýmist kerfisreglum og tíu ára netþróunaráætlunum, sem eru ekki bindandi, á vettvangi Bandalagsins. Forsendan fyrir samstarfi innan slíks svæðisbundins skipulags er skilvirk sundurgreining á starfsemi kerfisins frá framleiðslu- og afhendingarstarfsemi. Ef slík sundurgreining er ekki fyrir hendi, veldur svæðisbundið samstarf milli flutningskerfisstjóra hættu á samkeppnishamlandi atferli. Aðildarríkin skulu stuðla að samvinnu og hafa eftirlit með skilvirkni í rekstri netkerfisins á svæðisvísu. Samvinna á svæðisvísu skal samrýmast framþróun í átt að samkeppnishæfum og skilvirkum innri gasmarkaði.
- 17) Starfsemi Evrópunets gasflutningskerfisstjóra varðar hagsmuni allra markaðsaðila. Skilvirkt samráðsferli er því nauðsynlegt og núverandi skipulag sem er komið upp til að auðvelda og hagræða samráðsferlinu, svo sem evrópsk samtök um hagræðingu orkuviðskipta (e. *European Association for the Streamlining of Energy Exchange*), landsbundin eftirlitsyfyrivöld eða stofnunin, skulu hafa mikilvægu hlutverki að gegna.
- 18) Í því skyni að tryggja aukið gagnsæi varðandi þróun gasflutningskerfisins í Bandalaginu, skal Evrópunet gasflutningskerfisstjóra semja, birta og uppfæra reglulega tíu ára óbindandi netþróunaráætlun fyrir Bandalagið (netþróunaráætlun fyrir Bandalagið). Hagkvæm gasflutningskerfi og nauðsynlegir svæðisbundnir samtenglar, sem skipta máli frá sjónarmiði viðskipta eða afhendingaröryggis, skulu tilgreindir í netþróunaráætluninni.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 1.

- 19) Í því skyni að stuðla að samkeppni með heildsölumörkuðum fyrir gas, þar sem seljanleiki ríkir, er afar mikilvægt að viðskipti með gas fari fram óháð staðsetningu þess í kerfinu. Eina leiðin til að gera þetta er að gefa notendum netsins frelsi til þess að bóka inn- og úttaksflutningsgetu sjálfstætt, og koma þannig á gasflutningum um svæði en ekki eftir samningsbundnum flutningsleiðum. Þegar á sjötta fundi Madrid-hópsins 30. til 31. október 2002 gáfu flestir hagsmunaaðilar til kynna að þeir kysu inn- og úttakskerfi til að greiða fyrir samkeppnisþróun. Gjöld skulu vera óháð flutningsleið. Gjald sem lagt er á á einum eða fleiri inntaksstöðum skal því ekki tengjast gjaldi sem lagt er á einum eða fleiri úttaksstöðum, og öfugt.
- 20) Tilvísanir í samræmda flutningssamninga í tengslum við aðgang án mismununar að neti flutningskerfisstjóra þýða ekki að skilmálar og skilyrði flutningssamninga tiltekinn kerfisstjóra í aðildarríki skuli vera þau sömu og annars flutningskerfisstjóra í því aðildarríki eða í öðru aðildarríki, nema settar séu lágmarkskröfur sem verður að uppfylla í öllum flutningssamningum.
- 21) Umtalsverð samningsbundin kerfisöng er í gaskerfinu. Meginreglurnar um viðbrögð við kerfisöng og úthlutun flutningsgetu varðandi nýja eða nýlega gerða samninga byggjast því á losun ónotaðrar flutningsgetu með því að gera netnotendum kleift að framleigja eða endurselja samningsbundna flutningsgetu og skuldbindingu flutningskerfisstjóra til að bjóða ónýtta flutningsgetu á markaði, a.m.k. einn dag fram í tímann og á rjúfanlegum grundvelli. Í ljósi þess hve gildandi samningar eru stórt hlutfall, og að þörf er á að skapa jöfn samkeppnisskilyrði í reynd milli notenda nýrrar og fyrirliggjandi flutningsgetu, skulu þær meginreglur gilda um alla samningsbundna flutningsgetu, þ.m.t. gildandi samninga.
- 22) Enda þótt raunveruleg kerfisöng sé sjaldan til vandræða í Bandalaginu eins og sakir standa getur hún orðið það í framtíðinni. Því er mikilvægt að við þess háttar aðstæður séu grundvallarreglur fyrir hendi um úthlutun skertrar flutningsgetu vegna kerfisangar.
- 23) Eftirlit landsbundinna eftirlitsyfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar á undanförunum árum hefur sýnt að núverandi gagnsæiskröfur og reglur um aðgang að grunnvirki nægja ekki til að tryggja raunverulegan, vel starfandi, opinn og skilvirkan innri gasmarkað.
- 24) Jafn aðgangur að upplýsingum um efnislegt ástand og skilvirkni kerfisins er nauðsynlegur til að gera öllum markaðsaðilum kleift að meta heildareftirspurn og framboð og að tilgreina ástæður fyrir breytingum á heildsöluverði. Meðal þess eru nákvæmari upplýsingar um afhendingu og eftirspurn, flutningsgetu neta, flæði og viðhald, jafnvægi og tiltækileiki og notkun geymslurýmis. Mikilvægi þeirra upplýsinga fyrir starfsemi markaðsins krefst afléttingar takmarkana á útgáfu vegna trúnaðar.
- 25) Trúnaðarkvaðir vegna upplýsinga sem innihalda viðskiptaleyndarmál eru þó einkum mikilvægar hvað varðar gögn um viðskiptalega stefnumótun fyrirtækisins, þegar aðeins er einn notandi geymsluaðstöðu, eða gögn varðandi úttaksstaði innan kerfis eða undirkerfis sem er ekki tengt við annað flutnings- eða dreifikerfi heldur við einn endanlegan kaupanda orku í iðnaðarskyni, þar sem birting slíkra gagna mundi opinbera trúnaðarupplýsingar um framleiðsluferli þess viðskiptavinar.
- 26) Í því skyni að auka traust á markaðinum þurfa þátttakendur hans að vera vissir um að misnotkun geti varðað skilvirkum, hóflegum og letjandi viðurlögum. Lögbær yfirvöld skulu fá heimildir til að rannsaka ásanir um markaðssvik með skilvirkum hætti. Í því skyni er nauðsynlegt að þar til bær yfirvöld hafi aðgang að gögnum sem veita upplýsingar um ákvarðanir um rektur afhendingarfyrirtækja. Allar þessar ákvarðanir á gasmarkaðinum eru tilkynntar kerfisstjórum í formi frátekinnar flutningsgetu, ráðstöfunar og raunverulegs flæðis. Kerfisstjórar skulu hafa upplýsingar í tengslum við þær greiðlega tiltækar og aðgengilegar fyrir lögbær yfirvöld til ákveðins tíma. Lögbær yfirvöld skulu enn fremur hafa reglulegt eftirlit með reglufylgni flutningskerfisstjórana.
- 27) Aðgangur að geymsluaðstöðu fyrir gas og að aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas er ófullnægjandi í sumum aðildarríkjum, og því þarf að bæta framkvæmd núverandi reglna. Vöktun evrópsks hóps eftirlitsaðila með rafmagni og gasi leiddi í ljós að valfrjálsum viðmiðunarreglum um góðar starfsvenjur þriðja aðila fyrir geymslukerfisstjóra, sem samþykktar voru af öllum hagsmunaaðilum Madrid-hópsins, er beitt með ófullnægjandi hætti og þarf því að gera þær bindandi.
- 28) Jöfnunarkerfi fyrir gas, sem eru án mismununar og gagnsæ, starfrækt af flutningskerfisstjórum, eru þýðingarmikið fyrirkomulag, einkum fyrir nýja aðila á markaðinum sem geta átt í meiri erfiðleikum með að ná jöfnuði í sölusafni sínu en fyrirtæki sem þegar hafa komið undir sig fótunum á viðkomandi markaði. Nauðsynlegt er því að mæla fyrir um reglur til að tryggja að flutningskerfisstjórar starfræki slíkt fyrirkomulag með þeim hætti að það sé samhæft gagnsæjum og skilvirkum aðgangsskilyrðum að kerfinu og án mismununar.
- 29) Viðskipti með grunnrétt á flutningsgetu eru mikilvægur liður í þróun samkeppnismarkaðar og til að skapa seljanleika. Í þessari reglugerð skal því mælt fyrir um grundvallarreglur um slík viðskipti.

- 30) Landsbundin eftirlitsyfirvöld skulu tryggja að farið sé að reglunum, sem er að finna í þessari reglugerð, og viðmiðunarreglunum sem samþykktar eru samkvæmt henni.
- 31) Í viðmiðunarreglunum, sem fylgja með þessari reglugerð í viðauka, eru skilgreindar sérstakar framkvæmdarreglur á grundvelli annarra viðmiðunarreglna um góðar starfsvenjur. Þar sem við á munu þessar reglur þróast með tímanum með tilliti til hinna ólíku gaskerfa í hverju ríki fyrir sig.
- 32) Þegar fyrirhugað er að breyta viðmiðunarreglunum í viðaukanum við þessa reglugerð, skal framkvæmdastjórnin tryggja samráð allra viðeigandi aðila, sem þessar viðmiðunarreglur varða, við fagfélög þeirra og við aðildarríkin innan Madríd-hópsins.
- 33) Þess skal krafist að aðildarríkin og lögbær landsyfirvöld veiti framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar. Framkvæmdastjórnin skal fara með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.
- 34) Þessi reglugerð og viðmiðunarreglurnar, sem voru samþykktar í samræmi við hana, hafa ekki áhrif á beitingu reglna Bandalagsins um samkeppni.
- 35) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(1)</sup>.
- 36) Einkum skal framkvæmdastjórnin hafa umboð til að setja eða samþykkja viðmiðunarreglur, sem nauðsynlegar eru til að veita það lágmarkssamræmi sem þörf er á til að ná markmiði þessarar reglugerðar. Þar sem þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 37) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, nánar tiltekið að setja sanngjarnar reglur um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas, geymslu og aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas, og þeim verður því betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að því markmiði verði náð.
- 38) Sökum þess hversu umfangsmiklar breytingarnar eru, sem gerðar eru hér á reglugerð (EB) nr. 1775/2005, er æskilegt, til glöggvunar og hagræðingar, að viðkomandi ákvæði verði endursamin og sameinuð í einum texta í nýrri reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

### Efni og gildissvið

Markmiðið með þessari reglugerð er að:

- setja reglur um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas án mismununar, að teknu tilliti til sérkenna lands- og svæðisbundinna markaða, með það í huga að tryggja eðlilega starfsemi innri gasmarkaðar,
- setja reglur um skilyrði fyrir aðgangi án mismununar að virkjum fyrir fljótandi jarðgas og geymsluaðstöðu, að teknu tilliti til sérstakra einkenna landsbundinna markaða og svæðismarkaða og
- að auðvelda tilkomu vel starfandi og gagnsæs heildsölumarkaðar með miklu afhendingaröryggi gass og leggja til fyrirkomulag til að samræma reglur um aðgang að neti fyrir gasviðskipti yfir landamæri.

Markmiðin sem um getur í fyrstu undirgrein skulu fela í sér að settar verði samræmdar meginreglur um gjaldskrár, eða aðferðafræðina sem liggur til grundvallar útreikningi á þeim, fyrir aðgang að kerfinu, en ekki að geymsluaðstöðu, stofnun aðgangshjónustu þriðju aðila og samræmdar meginreglur um úthlutun flutningsgetu og viðbrögð við kerfisöng, ákvörðun um kröfur um gagnsæi, jöfnunarreglur og gjaldtöku vegna ójafnvægis og að greiða fyrir viðskiptum með flutningsgetu.

Reglugerð þessi, að undanskilinni 4. mgr. 19. gr., gildir eingöngu um geymsluaðstöðu sem fellur undir 3. mgr. 33. gr. tilskipunar 2009/73/EB.

Aðildarríkin geta komið á fót aðila eða stofnun í samræmi við tilskipun 2009/73/EB í því skyni að annast eitt starf eða fleiri störf sem almennt tilheyra flutningskerfisstjóra, og skulu þau falla undir kröfur þessarar reglugerðar. Sá aðili eða stofnun skal vera háður vottun í samræmi við 3. gr. þessarar reglugerðar og skal vera háður tilnefningu í samræmi við 10. gr. tilskipunar 2009/73/EB.

2. gr.

### Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „flutningur“: flutningur jarðgass um kerfi, sem eru aðallega háþrýstleiðslur, annars konar en leiðslukerfi fyrir óunnið jarðgas og annars konar en sá hluti háþrýstleiðslna sem einkum eru notaðar í tengslum við staðbundna dreifingu jarðgass, í þeim tilgangi að afgreiða það til viðskiptavina, að undanskilinni afhendingu,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- 2) „flutningssamningur“: samningur sem flutningskerfisstjóri hefur gert við kerfisnotanda í þeim tilgangi að annast flutning,
  - 3) „flutningsgeta“: hámarksrennsli, gefið upp í rúmmetrum á tímaeiningu eða orkueiningu á tímaeiningu, sem kerfisnotandinn á rétt á í samræmi við ákvæði flutningssamningsins,
  - 4) „ónotuð flutningsgeta“: áreiðanleg flutningsgeta sem kerfisnotandi hefur öðlast samkvæmt flutningssamningi en sem sá notandi hefur ekki ráðstafað fyrir frestinn sem tilgreindur er í samningnum,
  - 5) „viðbrögð við kerfisöng“: stjórnun flutningsgetueignar flutningskerfisstjóra með tilliti til hagstæðrar notkunar og hámarksnotkunar á tæknilegri flutningsgetu, tímanlegri greiningu á öng í framtíðinni og mettunarpunktum,
  - 6) „eftirmarkaður“: markaður fyrir flutningsgetu þar sem viðskipti með hana eru stunduð á annan hátt en á frummarkaði,
  - 7) „ráðstöfun“: raunverulegt streymi sem kerfisnotandi vill veita í eða taka úr kerfinu sem hann tilkynnir flutningskerfisstjóra fyrir fram,
  - 8) „endurráðstöfun“: síðari tilkynning um leiðréttingu á ráðstöfun,
  - 9) „heildstæði kerfis“: ástand með tilliti til flutningskerfis, þ.m.t. nauðsynlegur flutningsbúnaður þar sem þrýstingur og gæði jarðgassins eru innan þeirra lágmarks- og hámarksgilda, sem flutningskerfisstjóri mælir fyrir um, svo að flutningur jarðgass sé tryggður frá tæknilegu sjónarmiði,
  - 10) „jöfnunartímabil“: tímabil þegar allir kerfisnotendur þurfa að bæta upp úttekt á jarðgasi, sem er gefin upp í orkueiningum, með því að veita sama magni af jarðgasi í flutningskerfið í samræmi við flutningssamninginn eða kerfisreglurnar,
  - 11) „kerfisnotandi“: viðskiptavinur eða væntanlegur viðskiptavinur flutningskerfisstjóra og flutningskerfisstjórnarnir sjálfir að svo miklu leyti sem þeir þurfa að gegna hlutverki sínu í tengslum við flutning,
  - 12) „rjúfanleg þjónusta“: þjónusta sem flutningskerfisstjóri býður í tengslum við rjúfanlega flutningsgetu,
  - 13) „rjúfanleg flutningsgeta“: gasflutningsgeta sem flutningskerfisstjóri getur rofið í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í flutningssamningnum,
  - 14) „langtímaþjónusta“: þjónusta sem flutningskerfisstjóri býður í eitt ár eða lengur,
  - 15) „skammtímaþjónusta“: þjónusta sem flutningskerfisstjóri býður skemur en í eitt ár,
  - 16) „áreiðanleg flutningsgeta“: gasflutningsgeta sem samkvæmt samningi er tryggt að flutningskerfisstjóri getur ekki rofið,
  - 17) „áreiðanleg þjónusta“: þjónusta sem flutningskerfisstjóri býður í tengslum við áreiðanlega flutningsgetu,
  - 18) „tæknileg flutningsgeta“: áreiðanleg hámarksflutningsgeta sem flutningskerfisstjóri getur boðið kerfisnotendum, að teknu tilliti til heildstæðis kerfis og krafna um starfrækslu flutningskerfisins,
  - 19) „samningsbundin flutningsgeta“: flutningsgeta sem flutningskerfisstjóri hefur úthlutað kerfisnotanda í flutningssamningi,
  - 20) „tiltæk flutningsgeta“: sá hluti tæknilegrar flutningsgetu sem hefur ekki verið úthlutað og er enn laus í kerfinu á þeirri stundu,
  - 21) „samningsbundin kerfisöng“: sú staða þegar eftirspurn eftir áreiðanlegri flutningsgetu er meiri en tæknileg flutningsgeta,
  - 22) „frummarkaður“: markaður fyrir flutningsgetu sem flutningskerfisstjóri stundar bein viðskipti með,
  - 23) „raunveruleg kerfisöng“: sú staða þegar eftirspurn eftir eiginlegri afhendingu er meiri en tæknileg flutningsgeta er á hverjum tíma,
  - 24) „afkastageta virkis fyrir fljótandi jarðgas“: afkastageta birgðastöðvar fyrir fljótandi jarðgas þar sem jarðgasi er breytt í vökva eða þar sem innflutningur, afferming, stoðþjónusta, geymsla og endurgösun fljótandi jarðgass fer fram,
  - 25) „rými“: rúmmál þess gass, sem notanda geymslurýmis er heimilt að nýta til geymslu á gasi,
  - 26) „skömmtunargeta“: hversu ört notanda geymsluaðstöðunnar er heimilt að taka út gas úr geymsluaðstöðunni,
  - 27) „inndælingargeta“: hversu ört notanda geymsluaðstöðunnar er heimilt að setja gas inn í geymsluaðstöðuna,
  - 28) „geymslurými“: samsetning rýmis, inndælingargetu og skömmtunargetu.
2. Með fyrirvara um skilgreiningar í 1. mgr. þessarar greinar gilda einnig skilgreiningarnar í 2. gr. tilskipunar 2009/73/EB, að því er varðar beitingu á þessari reglugerð, að undanskilinni skilgreiningu á flutningi í 3. lið sömu greinar.
- Skilgreiningarnar í 3. til 23. lið 1. mgr. þessarar greinar um flutning gilda á hliðstæðan hátt varðandi geymsluaðstöðu og aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas.

## 3. gr.

**Vottun flutningskerfisstjóra**

1. Framkvæmdastjórnin skal kanna sérhverja tilkynningu um ákvörðun um vottun flutningskerfisstjóra, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 10. gr. tilskipunar 2009/73/EB strax eftir að hún berst. Innan tveggja mánaða frá því slík tilkynning berst, skal framkvæmdastjórnin skila álitu sínu til viðkomandi landsbundins eftirlitsyfirlvalds um samrýmanleika hennar við 2. mgr. 10. gr. eða 11. og 9. gr. tilskipunar 2009/73/EB.

Við undirbúning álitans sem um getur í fyrstu undirgrein, getur framkvæmdastjórnin farið fram á að stofnunin gefi álit sitt á ákvörðun landsbundna eftirlitsyfirlvaldsins. Í því tilviki skal framlengja tveggja mánaða tímabilið, sem um getur í fyrstu undirgrein, um tvo mánuði til viðbótar.

Skal það metið svo að framkvæmdastjórnin andmæli ekki ákvörðun eftirlitsyfirlvalds ef álit framkvæmdastjórnarinnar berst ekki innan þeirra tímabila sem um getur í fyrstu og annari undirgrein.

2. Innan tveggja mánaða eftir móttöku álitans framkvæmdastjórnarinnar, skal landsbundið eftirlitsvald samþykkja endanlega ákvörðun sína varðandi vottun flutningskerfisstjórans, að teknu ýtrasta tilliti til þess álitans. Ákvörðun eftirlitsyfirlvaldsins og álit framkvæmdastjórnarinnar skulu birt saman.

3. Hvenær sem er á meðan málsmeðferð stendur yfir geta eftirlitsyfirlvöld og framkvæmdastjórnin óskað eftir hvers konar viðkomandi upplýsingum frá flutningskerfisstjórum og fyrirtækjum sem starfa á einhverju sviði framleiðslu eða afhendingar til að sinna verkefnum sínum samkvæmt þessari grein.

4. Eftirlitsyfirlvöld og framkvæmdastjórnin skulu fara með viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem trúnaðarmál.

5. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja viðmiðunarreglur þar sem tilgreind eru einstök atriði málsmeðferðarinnar sem fara skal eftir við beitingu 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalítlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

6. Ef framkvæmdastjórnin fær senda tilkynningu um vottun flutningskerfisstjóra skv. 10. mgr. 9. gr. tilskipunar 2009/73/EB, skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun tengjast vottun. Eftirlitsyfirlvaldið skal fara að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

## 4. gr.

**Evrópunet gasflutningskerfisstjóra**

Allir flutningskerfisstjórar skulu starfa saman á vettvangi Bandalagsins í Evrópuneti gasflutningskerfisstjóra, til þess að stuðla að tilkomu og starfsemi innri markaðarins á sviði jarðgass og viðskiptum yfir landamæri og til að tryggja bestu stjórn, samhæfðan rekstur og trausta tæknilega þróun jarðgasflutningskerfisins.

## 5. gr.

**Stofnun Evrópunets gasflutningskerfisstjóra**

1. Eigi síðar en 3. mars 2011 skulu gasflutningskerfisstjórar afhenda framkvæmdastjórninni og stofnuninni drög að samþykktum, félagaskrá og drög að starfseglum væntanlegs Evrópunets gasflutningskerfisstjóra, þ.m.t. starfsreglur um samráð við aðra hagsmunaaðila.

2. Innan tveggja mánaða frá viðtökudegi skal stofnunin, að höfðu formlegu samráði við stofnanir, sem eru fulltrúar allra hagsmunaaðila, einkum kerfisnotendur, þ.m.t. viðskiptavinir, skila framkvæmdastjórninni álitu á drögum að samþykktum, félagaskrá og drögum að starfsreglum.

3. Framkvæmdastjórnin skal skila álitu á drögum að samþykktum, félagaskrá og drögum að starfsreglum þar sem tekið er tillit til álitans stofnunarinnar sem kveðið er á um í 2. málsgrein og innan þriggja mánaða frá viðtökudegi álitans stofnunarinnar.

4. Innan þriggja mánaða frá viðtökudegi álitans framkvæmdastjórnarinnar skulu flutningskerfisstjórar stofna Evrópunet gasflutningskerfisstjóra og samþykkja og birta stofnsamþykktir sínar og starfsreglur.

## 6. gr.

**Ákvörðun kerfisreglna**

1. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við stofnunina, Evrópunet gasflutningskerfisstjóra og aðra viðkomandi hagsmunaaðila, taka saman árlegan forgangslista yfir þau svið sem sett eru fram í 6. mgr. 8. gr., og taka skal tillit til við þróun kerfisreglna.

2. Framkvæmdastjórnin skal óska eftir því að stofnunin afhendi henni innan hæfilegs tíma, sem skal ekki vera lengri en sex mánuðir, rammaviðmiðunarreglur, sem eru ekki bindandi (rammaviðmiðunarreglur) þar sem tilgreindar eru skýrar og hlutlægar meginreglur, í samræmi við 7. mgr. 8. gr., um þróun kerfisreglna sem varða þau svið sem eru auðkennd í forgangsskránni. Hver rammaviðmiðun skal stuðla að banni við mismunun, virkri samkeppni og skilvirkri starfsemi markaðarins. Framkvæmdastjórnin getur framlengt þann frest að fenginni rökstuddri beiðni frá stofnuninni.

3. Stofnunin skal hafa formlegt samráð við Evrópunet gasflutningskerfisstjóra og aðra hagsmunaaðila hvað varðar rammaviðmiðunarreglurnar, í tvo mánuði hið minnsta, á opin og gagnsæjan hátt.

4. Telji framkvæmdastjórnin að rammaviðmiðunarreglurnar stuðli ekki að banni við mismunun, virkri samkeppni og skilvirkri starfsemi markaðarins, getur hún farið fram á að stofnunin endurskoðun rammaviðmiðunarreglurnar innan hæfilegs tíma og leggi þær fyrir framkvæmdastjórnina að nýju.

5. Ef stofnunin leggur ekki fram eða leggur ekki fram að nýju rammaviðmiðunarreglur innan þess frests sem framkvæmdastjórnin setur skv. 2. eða 4. mgr., skal framkvæmdastjórnin útfæra viðkomandi rammaviðmiðunarreglur.

6. Framkvæmdastjórnin skal fara fram á að Evrópunet gasflutningskerfisstjóra leggi fram kerfisreglur sem eru í samræmi við viðeigandi rammaviðmiðunarreglur við stofnunina innan hæfilegs tíma sem skal ekki vera lengri en 12 mánuðir.

7. Stofnunin skal senda rökstutt álit til Evrópunets gasflutningskerfisstjóra um kerfisreglur, innan þriggja mánaða frá móttöku kerfisreglna, og á meðan getur stofnunin haft formlegt samráð við viðeigandi hagsmunaaðila.

8. Evrópunet gasflutningskerfisstjóra getur breytt kerfisreglum í ljósi álits stofnunarinnar og lagt þær fram fyrir hana að nýju.

9. Þegar stofnunin hefur fullvissað sig um að kerfisreglurnar séu í samræmi við viðeigandi rammaviðmiðunarreglur, skal stofnunin leggja kerfisreglurnar fyrir framkvæmdastjórnina og getur mælt með að þær verði samþykktar innan hæfilegs frests. Framkvæmdastjórnin skal gefa upp ástæður ef hún samþykkir ekki kerfisreglurnar.

10. Hafi Evrópunet gasflutningskerfisstjóra ekki þróað kerfisreglur innan þess tímabils sem framkvæmdastjórnin mælti fyrir um skv. 6. mgr., getur framkvæmdastjórnin farið þess á leit við stofnunina að hún útbúi drög að kerfisreglum á grunni viðeigandi rammaviðmiðunarreglna. Stofnunin getur efnt til frekara samráðs við undirbúning að drögum að kerfisreglum samkvæmt þessari grein. Stofnunin skal leggja fram drög að kerfisreglum sem undirbúnar eru samkvæmt þessari grein fyrir framkvæmdastjórnina og getur mælt með að þær verði samþykktar.

11. Hafi Evrópunet gasflutningskerfisstjóra ekki þróað kerfisreglur, eða stofnunin ekki þróað drög að kerfisreglum eins og um getur í 10. mgr. þessarar greinar, eða að tilmælum framkvæmdastjórnarinnar skv. 9. mgr. þessarar greinar, getur framkvæmdastjórnin tekið upp eitt eða fleiri söfn kerfisreglna á sviðunum sem tilgreind eru í 6. mgr. 8. gr.

Leggi framkvæmdastjórnin til að samþykkja kerfisreglur að eigin frumkvæði, skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við stofnunina, Evrópunet gasflutningskerfisstjóra og alla viðkomandi hagsmunaaðila hvað varðar drög að kerfisreglum á tveggja mánaða tímabili hið minnsta. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

12. Þessi grein skal vera með fyrirvara um rétt framkvæmdastjórnarinnar til að samþykkja og breyta viðmiðunarreglum eins og mælt er fyrir um í 23. gr.

7. gr.

### Breytingar á kerfisreglum

1. Aðilar sem eru líklegir til að hafa hagsmuni af kerfisreglum, geta lagt til drög að breytingum á hvaða kerfisreglum sem samþykktar eru skv. 6. gr., þ.m.t. Evrópunet gasflutningskerfisstjóra, flutningskerfisstjórar, kerfisnotendur

og neytendur. Stofnuninni er einnig heimilt að leggja til breytingar að eigin frumkvæði.

2. Stofnunin skal hafa samráð við alla hagsmunaaðila í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 713/2009. Í kjölfar þess ferlis getur stofnunin sett fram rökstuddar tillögur að breytingum við framkvæmdastjórnina ásamt skýringu á samræmi slíkra tillagna við markmið kerfisreglnanna sem sett eru fram í 2. mgr. 6. gr.

3. Framkvæmdastjórnin getur, að teknu tilliti til tillagna stofnunarinnar, samþykkt breytingar á kerfisreglum sem hafa verið samþykktar skv. 6. gr. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

4. Tillit til fyrirhugaðra breytinga samkvæmt þeirri málsmeðferð sem sett er fram í 2. mgr. 28. gr. skal takmarkast við tillit til þeirra þátta sem varða tillögur að breytingum. Þessar tillögur að breytingum eru með fyrirvara um aðrar breytingar sem framkvæmdastjórnin kann að leggja til.

8. gr.

### Verkefni Evrópunets gasflutningskerfisstjóra

1. Evrópunet gasflutningskerfisstjóra skal samþykkja kerfisreglur á þeim sviðum sem vísað er til í 6. mgr. þessarar greinar að fenginni beiðni sem beint er til þess frá framkvæmdastjórninni í samræmi við 6. mgr. 6. gr.

2. Evrópunet gasflutningskerfisstjóra getur útfært kerfisreglur á sviðunum sem sett eru fram í 6. mgr. með það í huga að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í 4. gr. ef kerfisreglurnar tengjast ekki sviðum sem falla undir beiðni til hennar frá framkvæmdastjórninni. Kerfisreglurnar skulu lagðar fyrir stofnunina til álits. Tekið skal tilhlýðilegt tillit til þess álits af hálfu Evrópunets gasflutningskerfisstjóra.

3. Evrópunet gasflutningskerfisstjóra skal samþykkja:

- sameiginleg tæki til netreksturs til að tryggja samhæfi í rekstri netkerfis við eðlilegar aðstæður og neyðaraðstæður, þ.m.t. sameiginlegur flokkunarkvarði fyrir atvik, og rannsóknaráætlanir,
- tíu ára netþróunaráætlun fyrir allt Bandalagið sem er ekki bindandi, (netþróunaráætlun fyrir allt Bandalagið), þ.m.t. horfur á því hvort framboð sé fullnægjandi í Evrópu annað hvert ár,
- tilmæli varðandi samræmingu tæknisamvinnu flutningskerfisstjóra í Bandalaginu og flutningskerfisstjóra í þriðja landi,
- árlega vinnuáætlun,
- ársskýrslu,
- árlegar horfur á því hvort sumar- og vetrarframboð sé fullnægjandi.

4. Horfur á því hvort framboð í Evrópu sé fullnægjandi eins og um getur í b-lið 3. mgr. skulu taka til heildargetu gaskerfisins til að anna núverandi og áætlaðri eftirspurn eftir gasi á næsta fimm ára tímabili ásamt tímabilinu frá fimm til 10 árum eftir dagsetningu þessara horfa. Horfur á því hvort framboð í Evrópu sé fullnægjandi skulu byggjast á horfum hvers flutningskerfisstjóra á því hvort landsbundið framboð sé fullnægjandi.

5. Árlega vinnuáætlunin sem um getur í d-lið 3. gr. skal innihalda skrá yfir og lýsingu á kerfisreglum sem útbúa skal, áætlun um samræmingu á starfsemi netanna, og rannsóknar- og þróunarstarfsemi sem ætlunin er að framkvæma á árinu ásamt leiðbeinandi tímaáætlun.

6. Kerfisreglurnar sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu ná yfir eftirfarandi svið, með tilliti til svæðisbundinna sérkenna, ef við á:

- a) reglur um netöryggi og áreiðanleika,
- b) reglur um tengingu við net,
- c) reglur um aðgang þriðja aðila,
- d) reglur um gagnaskipti og uppgjör,
- e) reglur um rekstrarsamhæfi,
- f) verklagsreglur í neyðartilvikum,
- g) úthlutun flutningsgetu og reglur til að bregðast við kerfisöng,
- h) reglur um viðskipti í tengslum við tæknilega og rekstrarlega þjónustuveitingu varðandi netaðgang og kerfisjöfnun,
- i) reglur um gagnsæi,
- j) jöfnunarreglur, þ.m.t. reglur sem tengjast netkerfum um verklag við ráðstöfun, reglur um gjöld vegna ójafnvægis og verklagsreglur um jafnvægi í starfrækslu milli kerfa flutningskerfisstjóra,
- k) reglur varðandi samræmda uppbyggingu gjaldskráa fyrir flutning og
- l) orkunýtni að því er varðar gasnet.

7. Kerfisreglurnar skulu þróaðar vegna málefna sem varða net og ná yfir landamæri og markaðssamþættingu og skulu ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna til að koma á landsbundnum kerfisreglum sem hafa ekki áhrif á viðskipti yfir landamæri.

8. Evrópunet gasflutningskerfisstjóra skal fylgjast með og greina framkvæmd kerfisreglna og viðmiðunarreglna sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 11. mgr. 6. gr., og áhrif þeirra á samræmingu viðeigandi reglna sem miðast við að auðvelda markaðssamþættingu. Evrópunet gasflutningskerfisstjóra skal tilgreina niðurstöður sínar fyrir stofnuninni og greina frá niðurstöðum sínum úr greiningunni í ársskýrslunni sem um getur í e-lið 3. mgr. þessarar greinar.

9. Evrópunet gasflutningskerfisstjóra skal gera allar upplýsingar aðgengilegar sem stofnunin þarf til að leysa af hendi verkefni sín skv. 1. mgr. 9. gr.

10. Evrópunet gasflutningsstjóra skal samþykkja og birta netþróunaráætlun fyrir allt Bandalagið eins og um getur í b-lið 3. mgr. annað hvert ár. Netþróunaráætlunin fyrir allt Bandalagið skal innihalda líkan af samþætta netinu, þróun sviðsmyndar, horfur á því hvort framboð í Evrópu sé fullnægjandi og mat á álagspoli kerfisins.

Netþróunaráætlun sem nær til alls Bandalagsins skal einkum:

- a) byggja á landsbundnum fjárfestingaráætlunum með tilliti til svæðisbundinna fjárfestingaráætlana sem um getur í 1. mgr. 12. gr., og, ef við á, þátta netskipulags sem lúta að Bandalaginu þ.m.t. viðmiðunarreglna fyrir samevrópsk orkunet í samræmi við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1364/2006/EB<sup>(1)</sup>,
- b) hvað varðar samtengilínur yfir landamæri, einnig byggja á réttmætum þörfum ólíkra kerfisnotenda og samþætta langtímaskuldbindingar frá fjárfestum sem um getur í 8. gr., 14. og 22. gr. tilskipunar 2009/73/EB og
- c) tilgreina fjárfestingarbil, einkum yfir landamæri.

Hvað varðar c-lið annarrar undirgreinar er heimilt að bæta endurskoðun á hindrunum á aukningu á flutningsgetu netsins yfir landamæri vegna ólíkra reglna eða venja við samþykki við netþróunaráætlun sem nær til alls Bandalagsins.

11. Stofnunin skal endurskoða landsbundnu tíu ára netþróunaráætlanirnar við mat á samræmi þeirra við netþróunaráætlun fyrir allt Bandalagið. Ef stofnunin greinir ósamræmi milli landsbundinnar tíu ára netþróunaráætlunar og netþróunaráætlunar fyrir allt Bandalagið, skal hún mæla með breytingu á landsbundnu tíu ára netþróunaráætluninni eða netþróunaráætluninni fyrir allt Bandalagið, eftir því sem við á. Ef slík landsbundin tíu ára netþróunaráætlun er gerð í samræmi við 22. gr. tilskipunar 2009/73/EB skal stofnunin mælast til að lögbært landsbundið eftirlitsyfirvald breyti landsbundnu tíu ára netþróunaráætluninni í samræmi við 7. mgr. 22. gr. þeirrar tilskipunar og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

12. Evrópunet gasflutningskerfisstjóra skal leggja fram fyrir framkvæmdastjórnina álit sitt varðandi samþykkt viðmiðunarreglnanna, eins og mælt er fyrir um í 23. gr. óski framkvæmdastjórnin þess.

9. gr.

#### Eftirlit stofnunarinnar

1. Stofnunin skal fylgjast með framkvæmd Evrópunets gasflutningskerfisstjóra á verkefnum sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 8. gr. og gefa framkvæmdastjórninni skýrslu.

<sup>(1)</sup> Stjtúð. ESB L 262, 22.9.2006, bls. 1.



Stofnunin skal fylgjast með framkvæmd Evrópunets gasflutningskerfisstjóra á kerfisreglum sem útfærðar eru skv. 2. mgr. 8. gr. og kerfisreglum sem hafa verið þróaðar í samræmi við 1. til 10. mgr. 6. gr. en hafa ekki verið samþykktar af framkvæmdastjórninni skv. 11. mgr. 6. gr. Þar sem Evrópunet gasflutningskerfisstjóra hefur ekki komið slíkum kerfisreglum í framkvæmd skal stofnunin fara fram á að Evrópunet gasflutningskerfisstjóra leggi fram vel rökstudda skýringu á ástæðu þess að það hafi ekki verið gert. Stofnunin skal upplýsa framkvæmdastjórnina um þá skýringu og leggja fram álit sitt á henni.

Stofnunin skal fylgjast með og greina framkvæmd kerfisreglnanna og viðmiðunareglanna sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 11. mgr. 6. gr. og áhrif þeirra á samræmingu viðeigandi reglna sem miðast við að auðvelda markaðssambættingu og á bann við mismunun, virka samkeppni og skilvirka starfsemi markaðsins, og skila skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar.

2. Evrópunet gasflutningskerfisstjóra skal leggja fram drög að netþróunaráætlun fyrir allt Bandalagið, drög að árlegri vinnuáætlun, þ.m.t. upplýsingar varðandi samráðsferlið, ásamt hinum skjölunum sem vísað er til í 3. mgr. 8. gr. fyrir stofnunina til álitsergerðar.

Innan tveggja mánaða frá viðtökudegi, skal stofnunin veita Evrópuneti gasflutningskerfisstjóra og framkvæmdastjórninni vel rökstutt álit ásamt tilmælum, þar sem það telur að drög að árlegri vinnuáætlun eða drög að netþróunaráætlun fyrir Bandalagið sem lögð voru fram fyrir Evrópunet gasflutningskerfisstjóra stuðli ekki að banni við mismunun, virkri samkeppni og skilvirkri starfsemi markaðsins eða nægilegum samtengingum yfir landamæri með opnum aðgangi þriðju aðila.

*10. gr.*

#### **Samráð**

1. Við undirbúning kerfisreglnanna, draganna að netþróunaráætlun fyrir Bandalagið og árlegu vinnuáætlunarinnar sem getið er um í 1., 2. og 3. mgr. 8. gr., skal Evrópunet gasflutningskerfisstjóra efna til víðtæks samráðsferlis, snemma og á opinn og gagnsæjan hátt, með öllum viðkomandi markaðsaðilum, og einkum stofnunum sem eru fulltrúar allra hagsmunaaðila, í samræmi við málsmæðferðarreglurnar sem um getur í 1. mgr. 5. gr. Landsbundin eftirlitsyfirvöld skulu einnig eiga hlut að því samráði ásamt öðrum landsyfirvöldum, birgjum og framleiðslufyrirtækjum, kerfisnotendum, þ.m.t. viðskiptavinir, dreifikerfisstjórar, þ.m.t. viðkomandi iðnaðarsamtök, tækniáðilar og vettvangar hagsmunaaðila. Það skal miða að því að koma auga á sjónarmið og tillögur allra viðkomandi aðila við ákvarðanatökufærið.

2. Birta skal öll skjöl og fundargerðir í tengslum við samráðið sem um getur í 1. mgr.

3. Áður en Evrópunet gasflutningskerfisstjóra samþykkir árlega vinnuáætlun og kerfisreglurnar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 8. gr., skal það tilgreina hvernig tekið hefur verið tillit

til athugasemda við samráðið. Það skal tilgreina ástæður þar sem ekki hefur verið tekið tillit til athugasemda.

*11. gr.*

#### **Kostnaður**

Flutningskerfisstjórnir skulu greiða kostnað við starfsemi Evrópunets gasflutningskerfisstjóra sem um getur í 4. til 12. gr. og skal tekið tillit til hans við útreikning á gjaldskrá. Eftirlitsyfirvöld skulu aðeins samþykkja kostnaðinn ef hann er eðlilegur og hóflegur.

*12. gr.*

#### **Svæðissamstarf flutningskerfisstjóra**

1. Flutningskerfisstjórar skulu stofna til svæðissamstarfs innan Evrópunets gasflutningskerfisstjóra í því skyni að leggja sitt af mörkum til þeirra verkefna sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 8. gr. Þeir skulu einkum birta svæðisbundna fjárfestingaráætlun annað hvert ár, og geta tekið fjárfestingarákvarðanir byggðar á þeirri svæðisbundnu áætlun.

2. Flutningskerfisstjórar skulu stuðla að rekstrarfyrirkomulagi sem tryggir sem besta stjórnun netsins og skulu einnig stuðla að þróun orkukauphalla, samræmdri úthlutun flutningsgetu yfir landamæri með markaðstengdum lausnum án mismununar, með tilhlýðilegu tilliti til sérstakra kosta lokaðra uppboða á skammtímaúthlutunum, og sambættingu fyrirkomulags vegna jöfnunar.

3. Í þeim tilgangi að ná markmiðunum sem sett eru í 1. og 2. málsgrein, getur framkvæmdastjórnin skilgreint landsvæði sem hvert svæðisbundið samstarfsskipulag nær til, með tilliti til núverandi svæðisbundins samstarfsskipulags. Hverju aðildarríki skal heimilt að stuðla að samstarfi á fleiri en einu landsvæði. Samþykkja skal ráðstöfunina, sem vísað er til í fyrstu setningunni, og ætlað er að breyta veigalítum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

Í því skyni skal framkvæmdastjórnin leita álits hjá stofnuninni og Evrópuneti gasflutningskerfisstjóra.

*13. gr.*

#### **Gjaldskrár fyrir aðgang að kerfum**

1. Gjaldskrár, eða aðferðarfræðin sem er notuð við útreikning á þeim, sem flutningskerfisstjórar nota og eftirlitsyfirvöld samþykktu skv. 6. mgr. 41. gr. tilskipunar 2009/73/EB, ásamt gjaldskrá, útgefnum skv. 1. mgr. 32. gr. sömu tilskipunar, skulu vera gagnsæjar, taka tillit til þarfar á heildstæði kerfis og úrbótum á því og endurspegla raunverulegan kostnað, sem stofnað er til, svo fremi að hann samsvari gjöldum skilvirks og skipulagslega sambærilegs kerfisstjóra og séu gagnsæ, og feli í sér viðeigandi hagnað af fjárfestingum og, þar sem við á, að eftirlitsyfirvöld taki mið af setningu viðmiða fyrir gjaldskrár. Gjaldskrár, eða aðferðarfræðin sem notuð er við útreikning á þeim, skulu notaðar án mismununar.

Aðildarríki geta ákveðið að gjaldskrár megi einnig ákvarða með markaðstengdu fyrirkomulagi, s.s. uppboðum, að því tilskildu að eftirlitsyfirvöld hafi samþykkt fyrirkomulagið og tekjur af því.

Gjaldskrár, eða aðferðafræðinni sem notuð er við útreikning á þeim, er ætlað að greiða fyrir skilvirkum gasviðskiptum og samkeppni, en jafnframt komast hjá víxlniðurgreiðslum milli kerfisnotenda, hvetja til fjárfestinga og viðhalda eða skapa rekstrarsamhæfi fyrir flutningskerfi.

Gjaldskrár fyrir notendur netkerfa skulu vera án mismununar og ákvarðaðar sérstaklega fyrir hvern inntaksstað inn í eða úttaksstað út úr flutningskerfinu. Tilhögun kostnaðarskiptingar og aðferðafræði við ákvörðun gjalda að því er varðar inn- og úttaksstaði skal samþykkt af landsbundnum eftirlitsyfirvöldum. Eigi síðar en 3. september 2011 skulu aðildarríkin, að loknu umbreytingatímabili, tryggja að kerfisgjöld reiknist ekki út frá samningsbundnum flutningsleiðum.

2. Gjaldskrár fyrir aðgang að kerfum skulu hvorki takmarka lausafjárstöðu markaða né raska viðskiptum yfir landamæri milli mismunandi flutningskerfa. Þar sem mismunur á uppbyggingu gjaldskráa eða jöfnunaraðferðir myndu hindra viðskipti, að því er varðar flutningskerfi, og þrátt fyrir 6. mgr. 41. gr. tilskipunar 2009/73/EB, skulu flutningskerfisstjórar, í nánú samstarfi við viðeigandi stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig, framfylgja með virkum hætti samleitni í uppbyggingu gjaldskráa og innheimtulegum, þ.m.t. að því er varðar jöfnun.

#### 14. gr.

#### Aðgangsjónusta þriðja aðila varðandi flutningskerfisstjóra

1. Flutningskerfisstjórar skulu:

- tryggja að þjónusta þeirra standi öllum kerfisnotendum til boða án mismununar,
- veita þriðju aðilum áreiðanlega og rjúfanlega aðgangsjónustu. Verð á rjúfanlegri flutningsgetu skal vera í samræmi við að rof geti orðið,
- bjóða kerfisnotendum bæði langtíma- og skammtímaþjónustu.

Hvað varðar a-lið fyrstu undirgreinar, þegar flutningskerfisstjóri býður mismunandi viðskiptavinum sömu þjónustu skal það einkum gert samkvæmt sambærilegum samningsskilmálum og skilyrðum, annaðhvort með því að nota samræmda flutningssamninga eða sameiginlegar kerfisreglur, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 41. gr. tilskipunar 2009/73/EB.

2. Flutningssamningar, sem undirritaðir eru með óhefðbundnum upphafsdagsetningum eða skemmri gildistíma en staðlaður árlegur flutningssamningur, skulu ekki af handahófi hafa hærrí eða lægri gjaldskrár, sem endurspeglar ekki markaðsverð þjónustunnar, í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 13. gr.

3. Þar sem við á er heimilt að veita aðgangsjónustu þriðju aðila, með fyrirvara um viðeigandi ábyrgðir kerfisnotenda, að teknu tilliti til lánshæfis slíkra notenda. Þessar ábyrgðir mega ekki fela í sér neinar óréttmætar hindranir á markaðsaðgangi og skulu vera án mismununar, gagnsæjar og hóflegar.

#### 15. gr.

#### Aðgangsjónusta þriðja aðila varðandi geymslu og geymsluaðstöðu og aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas

1. Kerfisstjórar fljótandi jarðgass- og geymslakerfa skulu:

- bjóða öllum notendum kerfa sem markaðurinn rúmar þjónustu án mismununar; einkum skal kerfisstjóri kerfis fyrir fljótandi jarðgas eða geymslakerfis sem býður mismunandi viðskiptamönnum sömu þjónustu gera það með sambærilegum samningsskilmálum og skilyrðum,
- bjóða þjónustu sem samrýmist notkun samtengdra gasflutningskerfa og auðvelda aðgang með samstarfi við flutningskerfisstjóran og
- birta viðkomandi upplýsingar, einkum gögn um notkun og framboð þjónustu, innan tímamarka sem samræmast sanngjörnum viðskiptaþörfum notenda fljótandi jarðgass eða geymsluaðstöðu, háð eftirliti landsbundins eftirlitsyfirvalds með slíkri útgáfu.

2. Hver geymslakerfisstjóri skal:

- veita bæði trausta og rjúfanlega aðgangsjónustu þriðju aðila; verð rjúfanlegrar flutningsgetu skal vera í samræmi við líkindin á að rof geti orðið,
- bjóða notendum geymsluaðstöðu bæði langtíma- og skammtímaþjónustu og
- bjóða notendum geymsluaðstöðu bæði samsetta og sundurgreinda geymslurýmishjónustu, inndælingar- og skömmunargetu.

3. Samningar um fljótandi jarðgas og geymsluaðstöðu skulu ekki leiða til hækkunar á gjaldskrár af handahófi í tilvikum þar sem þeir eru undirritaðir:

- utan jarðgassárs með óhefðbundnum upphafsdagsetningum eða
- með styttri gildistíma en staðlaður samningur um fljótandi jarðgas og geymsluaðstöðu á ársgrundvelli.

4. Þar sem við á er heimilt að veita aðgangsjónustu þriðju aðila, með fyrirvara um viðeigandi ábyrgðir kerfisnotenda, að teknu tilliti til lánshæfis slíkra notenda. Þessar ábyrgðir skulu ekki fela í sér óréttmætar hindranir á markaðsaðgangi og skulu vera án mismununar, gagnsæjar og hóflegar.

5. Samningsmörk á tilskilinni lágmarksstærð vinnslugetu aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas og rými geymsluaðstöðu skulu rökstudd á grundvelli tæknilegra takmarkana og skal gera ráð fyrir aðgangi minni geymslunotenda að geymsluþjónustu.

16. gr.

**Meginreglur um fyrirkomulag við úthlutun flutningsgetu og verklagsreglur til að bregðast við kerfisöng sem snerta flutningskerfisstjóra**

1. Hámarksflutningsgeta á öllum viðeigandi stöðum, sem um getur í 3. mgr. 18. gr., skal vera öllum markaðsaðilum tiltæk, með tilliti til heildstæðis kerfis og skilvirks reksturs kerfisins.

2. Flutningskerfisstjórar skulu koma á og birta fyrirkomulag við úthlutun flutningsgetu, sem er án mismununar og gagnsætt, og það skal:

a) gefa viðeigandi efnahagsleg merki fyrir skilvirka hámarksnotkun á tæknilegri flutningsgetu og greiða fyrir fjárfestingu í nýju grunnvirki og auðvelda jarðgasviðskipti yfir landamæri,

b) samrýmast markaðsfyrirkomulagi, þ.m.t. uppboðsmarkaðir (skyndimarkaðir) og markaðstorg, en vera jafnframt sveigjanlegt og geta aðlagast aðstæðum á markaði sem er í þróun og

c) samrýmast netaðgangskerfi aðildarríkjanna.

3. Flutningskerfisstjórinn skal framkvæma og birta verklagsreglur sem eru án mismununar og gagnsæjar, til að bregðast við kerfisöng, sem auðvelda jarðgasskipti yfir landamæri á grundvelli sem er án mismununar og sem skal byggjast á eftirfarandi meginreglum:

a) verði samningsbundin kerfisöng skulu flutningskerfisstjórar bjóða ónýtta flutningsgetu á frummarkaði, a.m.k. einn dag fram í tímann og sem flutningsgetu sem unnt er að rjúfa, og

b) kerfisnotendur, sem vilja endurselja eða framleigja ónotaða, samningsbundna flutningsgetu á eftirmarkaði skulu eiga rétt á því.

Hvað varðar b-lið fyrstu undirgreinar geta aðildarríkin krafist þess að kerfisnotendur tilkynni það flutningskerfisstjóranum eða upplýsi hann um það.

4. Ef um er að ræða raunverulega kerfisöng, skal flutningskerfisstjóri beita gagnsægjum aðferðum án mismununar við úthlutun flutningsgetu eða, ef við á, eftirlitsyfirvöld.

5. Flutningskerfisstjórar skulu reglulega meta eftirspurn á markaði eftir nýrri fjárfestingu. Við áætlanagerð um nýjar fjárfestingar skulu flutningskerfisstjórar meta markaðseftirspurn og taka tillit til afhendingaröryggis.

17. gr.

**Meginreglur um fyrirkomulag við úthlutun flutningsgetu og aðgerða til að bregðast við kerfisöng sem snerta geymsluaðstöðu og aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas**

1. Hámarksflutningsgeta geymslakerfis og aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas skal gerð aðgengileg markaðsaðilum, með tilliti til heildstæðis og reksturs kerfis.

2. Kerfisstjórar kerfa fyrir fljótandi jarðgas og geymslakerfa skulu koma á og birta fyrirkomulag við úthlutun flutningsgetu, sem er án mismununar og gagnsætt, og það skal:

a) gefa viðeigandi efnahagsleg merki fyrir skilvirka hámarksnotkun á flutningsgetu og greiða fyrir fjárfestingu í nýju grunnvirki,

b) samrýmast markaðsfyrirkomulagi, þ.m.t. uppboðsmörkuðum (skyndimörkuðum) og markaðstorgum, en vera jafnframt sveigjanlegt og geta aðlagast aðstæðum á markaði sem er í þróun og

c) samrýmast tengdum netgangskerfum.

3. Samningar um geymslu og aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas skulu innihalda ráðstafanir til að hindra söfnun flutningsgetu, með því að taka tillit til eftirfarandi meginreglna, sem skulu gilda við samningsbundna kerfisöng:

a) kerfisstjórinn skal bjóða fram ónýtta aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas og geymslurými á frummarkaði án tafar, hvað varðar geymslurými skal það vera a.m.k. einn dag fram í tímann og á rjúfanlegum grundvelli,

b) notendur aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas og geymslurýmum sem vilja endurselja samningsbundna flutningsgetu á eftirmarkaði skulu eiga rétt á því.

18. gr.

**Kröfur um gagnsæi varðandi flutningskerfisstjóra**

1. Flutningskerfisstjórar skulu birta opinberlega ítarlegar upplýsingar um þjónustu sína og viðkomandi skilyrði, sem beitt er, ásamt þeim tæknilegu upplýsingum sem nauðsynlegar eru kerfisnotendum til að fá skilvirkan kerfisaðgang.

2. Til þess að tryggja gjaldskrár sem eru gagnsæjar, hlutlægar og án mismununar og greiða fyrir skilvirkri notkun á gaskerfum skulu flutningskerfisstjórar eða viðkomandi stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig birta sanngjarnar og nægilega ítarlegar upplýsingar um útreikninga á gjaldskrá, aðferðafræði þeirra og uppbyggingu.

3. Fyrir veitta þjónustu skal hver flutningskerfisstjóri birta tölulegar upplýsingar um tæknilega, samningsbundna og tiltæka flutningsgetu um alla viðkomandi staði, þ.m.t. inntaksstaðir og úttakstaðir, reglulega og samfellt og á notendavænan og staðlaðan hátt.

4. Viðkomandi staðir flutningskerfis, sem þarf að birta upplýsingar um, skulu samþykktir af lögbærum stjórnvöldum að höfðu samráði við kerfisnotendur.

5. Flutningskerfisstjórinn skal ávallt greina frá upplýsingunum, sem krafist er í þessari reglugerð, á markvissan hátt, þær skulu settar fram á mælanlega skýran hátt, vera vel aðgengilegar og án mismununar.

6. Flutningskerfisstjórinn skal birta fyrirfram og eftir á upplýsingar um framboð og eftirspurn, byggðar á ráðstöfunum, spám og raunverulegu flæði inn og út úr kerfinu. Landsbundna eftirlitsyfirvaldið skal tryggja að allar slíkar upplýsingar séu gerðar opinberar. Nákvæmni upplýsinganna sem birtar eru skal vera í samræmi við upplýsingarnar sem standa flutningskerfisstjóranum til boða.

Flutningskerfisstjórinn skal birta ráðstafanir ásamt kostnaði og tekjum til að hafa jafnvægi í kerfinu.

Hlutaðeigandi markaðsaðilar skulu veita flutningskerfisstjóranum þau gögn sem um getur í þessari grein.

#### 19. gr.

#### **Kröfur um gagnsæi varðandi geymsluaðstöðu og aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas**

1. Kerfisstjórar kerfa fyrir fljótandi jarðgas og geymslakerfisstjórar skulu birta opinberlega ítarlegar upplýsingar um þjónustu sína og viðkomandi skilyrði, sem beitt er, ásamt þeim tæknilegu upplýsingum sem nauðsynlegar eru notendum aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas og geymsluaðstöðu til að fá skilvirkan aðgang að aðstöðu fyrir fljótandi jarðgasi og geymsluaðstöðu.

2. Fyrir þá þjónustu sem veitt er skulu kerfisstjórar kerfa fyrir fljótandi jarðgas og geymslakerfisstjórar birta tölulegar upplýsingar um samningsbundna og tiltæka flutningsgetu aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas og geymsluaðstöðu með reglulegu millibili og á notendavænan og staðlaðan hátt.

3. Kerfisstjórar kerfa fyrir fljótandi jarðgas og geymslakerfisstjórar skulu ávallt greina frá upplýsingunum, sem krafist er í þessari reglugerð, á mælanlega skýran og aðgengilegan hátt og án mismununar.

4. Kerfisstjórar kerfa fyrir fljótandi jarðgas og geymslakerfisstjórar skulu birta opinberlega magn gass í hverri geymsluaðstöðu eða aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas, eða samstæðu geymsluaðstöðu ef það samsvarar því hvernig aðgangur stendur notendum kerfisins til boða, innstreymi og útstreymi, ásamt fánlegu geymslurými og aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas, þ.m.t. sú aðstaða sem er undanþegin aðgangi þriðja aðila. Upplýsingarnar skulu einnig tilkynntar flutningskerfisstjóranum, sem skal birta þær samanteknar eftir kerfi eða undirkerfi skilgreint eftir viðeigandi stöðum. Upplýsingarnar skulu uppfærðar a.m.k. daglega.

Í tilvikum þegar notandi geymslakerfis er eini notandi geymsluaðstöðu, getur notandi geymslakerfisins lagt fram rökstudda beiðni við landsbundna eftirlitsyfirvaldið um trúnaðarmeðferð þeirra gagna sem um getur í fyrstu undirgrein. Ef landsbundna eftirlitsyfirvaldið kemst að þeirri niðurstöðu að slík beiðni sé réttmæt, einkum að teknu tilliti til þarfarinnar fyrir jafnvægi milli hagsmuna lögmætrar varðveislu viðskiptaleyndarmála, ef birting þeirra hefði neikvæð áhrif á heildarviðskiptaáform notanda geymslurýmisins, með það markmið að skapa innri gasmarkað þar sem samkeppni ríkir, getur það heimilað að geymslakerfisstjórinn opinberri ekki gögnin sem getið er um í fyrstu undirgrein í allt að því eitt ár.

Önnur undirgrein gildir með fyrirvara um skyldur til að miðla til flutningskerfisstjórans og birtingu hans eins og um getur í fyrstu undirgrein nema uppsöfnuð gögn séu samhljóða sértækum gögnum varðandi geymslakerfið sem landsbundið eftirlitsyfirvald hefur samþykkt að skuli ekki birt.

5. Í því skyni að tryggja gjaldskrár sem eru gagnsæjar, hlutlægar og án mismununar og greiða fyrir skilvirkri notkun grunnvirkja, skulu kerfisstjórar kerfa fyrir fljótandi jarðgas og geymslakerfisstjórar eða viðkomandi eftirlitsyfirvöld birta nægilega ítarlegar upplýsingar um frávik frá gjaldskrá, aðferðafræði og uppbyggingu gjaldskráa fyrir grunnvirki þar sem aðgangur þriðja aðila er reglufestur.

#### 20. gr.

#### **Skráahald kerfisstjóra**

Flutningskerfisstjórar, geymslakerfisstjórar og kerfisstjórar kerfa fyrir fljótandi jarðgass skulu hafa tiltækar handa landsyfirvöldum, þ.m.t. landsbundnu eftirlitsyfirvaldi, landsbundnu samkeppnisyfirvaldi og framkvæmdastjórninni, allar upplýsingar sem um getur í 18. og 19. gr. og í 3. hluta I. viðauka, til fimm ára.

#### 21. gr.

#### **Jafnvægisreglur og gjaldtaka vegna ójafnvægis**

1. Jafnvægisreglur skulu samdar á sanngjarnan og gagnsæjan hátt án mismununar og skulu byggjast á hlutlægum viðmiðunum. Jafnvægisreglur skulu endurspegla raunhæfar kerfisþarfir, að teknu tilliti til þeirra úrræða sem standa flutningskerfisstjóranum til boða. Jafnvægisreglur skulu vera markaðstengdar.

2. Flutningskerfisstjórar skulu veita nægilegar, vel tímasettar og áreiðanlegar upplýsingar, sem eru aðgengilegar á Netinu, um jafnvægisstöðu kerfisnotenda svo að kerfisnotendur geti gert úrbætur tímanlega.

Upplýsingarnar sem veittar eru skulu endurspegla þær upplýsingar sem tiltækar eru fyrir flutningskerfisstjóran og það greiðslutímabil sem gjaldtaka vegna ójafnvægis er reiknuð út.

Ekkert gjald skal tekið vegna upplýsinga sem veittar eru samkvæmt þessari grein.

3. Gjaldtaka vegna ójafnvægis skal vera kostnaðartengd að svo miklu leyti sem mögulegt er og vera kerfisnotendum hæfileg hvatning til að hafa jafnvægi á því gasi sem þeir setja inn og taka út úr kerfinu. Þeir skulu varast víxlنيðurgreiðslur milli kerfisnotenda og skulu ekki hindra að nýir aðilar komi á markaðinn.

Lögbær yfirvöld eða flutningskerfisstjóri skal birta reikningsaðferðir fyrir gjaldtöku vegna ójafnvægis opinberlega ásamt endanlegum gjaldskrá, eftir því sem við á.

4. Aðildarríki skulu tryggja að flutningskerfisstjórar leitist við að samræma jafnvægisfyrirkomulag og einfaldi uppbyggingu og upphæðir jafnvægisgjalda til þess að auðvelda viðskipti með gas.

22. gr.

#### Viðskipti með flutningsgeturétt

Hver flutningskerfisstjóri, geymslakerfisstjóri og kerfisstjóri kerfis fyrir fljótandi jarðgas skal gera raunhæfar ráðstafanir til að hægt sé að framselja flutningsgeturétt og greiða fyrir slíkum viðskiptum með gagnsæjum hætti án mismununar. Hver slíkur kerfisstjóri skal útbúa samræmda flutningssamninga, samninga um aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas og geymslu, ásamt verklagsreglum á frummarkaðinum til að greiða fyrir framsali á flutningsgetu og hann skal viðurkenna framsal á frumrétti á flutningsgetu, þegar kerfisnotendur hafa tilkynnt það.

Tilkynna skal eftirlitsyfirvöldum um samræmda samninga fyrir flutning, aðstöðu fyrir fljótandi jarðgas og geymslu ásamt verklagsreglum.

23. gr.

#### Viðmiðunarreglur

1. Þar sem við á skal í viðmiðunarreglum, sem miða við þá lágmarkssamræmingu sem þarf til að ná markmiði þessarar reglugerðar, tilgreina:

- upplýsingar um aðgangsjónustu fyrir þriðju aðila, þ.m.t. einkenni, lengd og aðrar kröfur um þessa þjónustu, í samræmi við 14. og 15. gr.,
- upplýsingar um þær meginreglur sem liggja til grundvallar fyrirkomulagi við úthlutun flutningsgetu og við aðgerðir til að bregðast við kerfisöng þegar um er að ræða sammingsbundna kerfisöng, í samræmi við 17. gr.,
- útlitun á upplýsingamiðlun, skilgreiningu á tæknilegum upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að kerfisnotendur fái skilvirkan aðgang að kerfinu og skilgreiningu á öllum viðeigandi stöðum sem kröfur um gagnsæi gilda um, þ.m.t. upplýsingar sem skulu birtar á öllum viðeigandi stöðum ásamt tímaáætlun um birtingu þessara upplýsinga í samræmi við 18. og 19. gr.,
- upplýsingar um aðferðafræði gjaldskráa sem tengjast viðskiptum með jarðgas yfir landamæri, í samræmi við 13. gr.,

e) upplýsingar um sviðin sem skráð eru í 6. mgr. 8. gr.

Í því skyni skal framkvæmdastjórnin leita álits hjá stofnuninni og Evrópuneti gasflutningskerfisstjóra.

2. Í I. viðauka er mælt fyrir um viðmiðunarreglur um þau atriði, sem tilgreind eru í a-, b- og c-lið 1. mgr. að því er varðar flutningskerfisstjóra.

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt viðmiðunarreglur um þau atriði, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og breytt viðmiðunarreglum sem um getur í a-, b- og c-lið hennar. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

3. Beiting og breyting á viðmiðunarreglum, sem samþykktar voru samkvæmt þessari reglugerð, skulu endurspeglar muninn á gaskerfum í hverju ríki fyrir sig og þurfa því ekki samræmda og ítarlega skilmála og skilyrði um aðgang þriðju aðila á vettvangi Bandalagsins. Í þeim má þó setja lágmarkskröfur, sem skal uppfylla til að framfylgja nauðsynlegum skilyrðum um kerfisaðgang, sem er án mismununar og gagnsær, fyrir innri markað fyrir jarðgas, sem síðan er hægt að beita í ljósi þess munar sem er á milli gaskerfa í hverju ríki fyrir sig.

24. gr.

#### Eftirlitsyfirvöld

Þegar eftirlitsyfirvöld rækja skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð skulu þau tryggja samræmi við þessa reglugerð og viðmiðunarreglurnar, sem samþykktar eru skv. 23. gr.

Eftirlitsyfirvöld skulu vinna saman og með framkvæmdastjórninni og stofnuninni, eftir því sem við á, í samræmi við VIII. kafla tilskipunar 2009/73/EB.

25. gr.

#### Tilhögun upplýsingamiðlunar

Aðildarríkin og eftirlitsyfirvöldin skulu, ef þess er óskað, veita framkvæmdastjórninni allar nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar 23. gr.

Framkvæmdastjórnin skal fastsetja eðlileg tímamörk til að veita upplýsingarnar, að teknu tilliti til þess hversu flóknar upplýsingarnar, sem krafist er, eru og hversu brýn þörfin fyrir upplýsingarnar er.

26. gr.

#### Réttur aðildarríkja til að kveða á um ítarlegri ráðstafanir

Þessi reglugerð skal vera með fyrirvara um rétt aðildarríkjanna til að viðhalda eða innleiða ráðstafanir, sem fela í sér ítarlegri ákvæði en þau sem sett eru fram hér eða í viðmiðunarreglunum sem um getur í 23. gr.

27. gr.

**Viðurlög**

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, hófleg og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar reglur eigi síðar en 1. júlí 2006 í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1775/2005 og skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær reglur sem eru ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1775/2005 eigi síðar en 3. september 2009 og skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um síðari breytingar sem varða þær.

2. Viðurlög, sem kveðið er á um skv. 1. mgr., skulu ekki varða hegningarlög.

28. gr.

**Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem komið er á fót með 51. gr. tilskipunar 2009/73/EB.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

29. gr.

**Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar**

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með framkvæmd þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin skal í skýrslu sinni, skv. 6. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/73/EB, einnig gefa skýrslu um fengna reynslu af beitingu þessarar reglugerðar. Í skýrslunni skal einkum kanna að hvaða marki reglugerðin hafi borið árangur við að tryggja að skilyrði aðgangs að gasflutningskerfi séu án mismununar og endurspegli kostnað og stuðli þannig að því að neytendur hafi valkosti í starfhæfum markaði og að afhendingaröryggi sé tryggt til langs tíma. Ef þörf krefur skulu skýrslunni fylgja viðeigandi tillögur og/eða tilmæli.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2009.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

H.-G. PÖTTERING

*forseti.*

30. gr.

**Frávik og undanþágur**

Þessi reglugerð gildir ekki um:

- flutningskerfi fyrir jarðgas í aðildarríkjum á meðan undanþágur gilda sem veittar hafa verið með 49. gr. tilskipunar 2009/73/EB,
- stór ný grunnvirki, þ.e. samtengla milli aðildarríkja, aðstöðu fyrir fljóttandi jarðgas og geymsluaðstöðu, og verulega aukningu á flutningsgetu grunnvirkja, sem fyrir eru, og breytingar á slíkum grunnvirkjum, sem gera kleift að þróaðar verði nýjar leiðir til að afla gasbirgða, eins og um getur í 1. og 2. mgr. 36. gr. tilskipunar 2009/73/EB sem eru undanþegin ákvæðum 9., 14., 32., 33. og 34. gr. eða 6., 8. og 10. mgr. 41. gr. þeirrar tilskipunar, svo fremi sem þeir eru undanþegnir 4. mgr. 19. gr. þessarar reglugerðar eða
- um flutningskerfi fyrir jarðgas sem hafa fengið undanþágur skv. 48. gr. tilskipunar 2009/73/EB.

Hvað varðar a-lið fyrstu undirgreinar, geta aðildarríki, sem veitt hefur verið undanþága skv. 49. gr. tilskipunar 2009/73/EB, sótt um tímabundna undanþágu til framkvæmdastjórnarinnar frá því að beita þessari reglugerð, til allt að tveggja ára frá þeim degi sem undanþágan, sem um getur í þeim lið, fellur úr gildi.

31. gr.

**Niðurfelling**

Reglugerð (EB) nr. 1775/2005 fellur úr gildi frá og með 3. mars 2011. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

32. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 3. september 2009.

*Fyrir hönd ráðsins,*

E. ERLANDSSON

*forseti.*

*I. VIÐAUKI***VIÐMÍÐUNARREGLUR UM****1. Aðgangsjónusta þriðja aðila varðandi flutningskerfisstjóra**

1. Flutningskerfisstjórar skulu bjóða áreiðanlega og rjúfanlega þjónustu, allt niður í einn dag.
2. Samræmdir flutningssamningar og sameiginlegar kerfisreglur skulu gerðar með þeim hætti að þær greiði fyrir viðskiptum og endurnýtingu flutningsgetu sem kerfisnotendur hafa gert samning um án þess að hindra losun flutningsgetu.
3. Flutningskerfisstjórar skulu þróa kerfisreglur og samræmda samninga að höfðu tilhlýðilegu samráði við kerfisnotendur.
4. Flutningskerfisstjórar skulu fylgja stöðluðum verklagsreglum við ráðstöfun og endurráðstöfun. Þeir skulu þróa upplýsingakerfi og rafrænar samskiptaleiðir til að veita kerfisnotendum fullnægjandi upplýsingar og til að einfalda viðskipti, s.s. ráðstöfun, samningsgerð um flutningsgetu og yfirfærslu flutningsgeturéttar milli kerfisnotenda.
5. Flutningskerfisstjórar skulu samræma formlegar verklagsreglur að því er varðar beiðni og svörunartíma í samræmi við bestu starfsvenjur innan geirans með það að markmiði að svörunartími verði eins stuttur og framast er kostur. Þeir skulu sjá til þess að skráningar- og staðfestingarkerfi fyrir flutningsgetu sé aðgengilegt á Netinu ásamt verklagsreglum um ráðstöfun og endurráðstöfun, eigi síðar en 1. júlí 2006, að höfðu samráði við viðkomandi kerfisnotendur.
6. Flutningskerfisstjórar skulu ekki taka sérstaka greiðslu af kerfisnotendum fyrir beiðni um upplýsingar og viðskipti sem tengjast flutningssamningum þeirra og sem framfylgt er í samræmi við staðlaðar reglur og aðferðir.
7. Upplýsingabeiðnir, sem útheimta óvenjuleg eða óhófleg útgjöld, s.s. hagkvæmnisathuganir, má færa sérstaklega til kostnaðar svo fremi sem hægt sé að rökstyðja útgjöldin tilhlýðilega.
8. Flutningskerfisstjórar skulu, í samvinnu við aðra flutningskerfisstjóra, vinna að því að samræma viðhald á viðkomandi kerfum til þess að lágmarka röskun á flutningsþjónustu til kerfisnotenda og flutningskerfisstjóra á öðrum svæðum og til þess að tryggja jafnan ávinning með tilliti til afhendingaröryggis, þ.m.t. að því er varðar gegnumflutning.
9. Flutningskerfisstjórar skulu birta, a.m.k. einu sinni á ári, fyrir fyrirfram ákveðinn frest, öll áætluð viðhaldstímabil sem gætu haft áhrif á rétt kerfisnotenda í flutningssamningum og samsvarandi upplýsingar um rekstur með nægilegum fyrirvara. Þetta felur í sér skjóta birtingu og án mismununar á öllum breytingum á áætluðum viðhaldstímabilum og tilkynning um viðhald, sem ekki var fyrirhugað, jafnskjótt og flutningskerfisstjóri hefur þær upplýsingar undir höndum. Á viðhaldstímabilum skulu flutningskerfisstjórar birta reglulega uppfærðar upplýsingar um hversu lengi er búist við að viðhaldið taki og hvaða áhrif það hafi.
10. Flutningskerfisstjóri skal halda dagbók yfir raunverulegt viðhald og raskanir á gasflæðinu sem hafa orðið og láta lögberum stjórnvöldum hana í té samkvæmt beiðni. Upplýsingar skulu einnig látnar í té að beiðni þeirra sem verða fyrir áhrifum af röskunum.

**2. Meginreglur um fyrirkomulag við úthlutun flutningsgetu og verklagsreglur um viðbrögð við kerfisöng sem varða flutningskerfisstjóra og beiting þeirra í þeim tilvikum þegar um er að ræða samningsbundna kerfisöng****2.1. Meginreglur um fyrirkomulag við úthlutun flutningsgetu og verklagsreglur til að bregðast við kerfisöng sem varða flutningskerfisstjóra**

1. Fyrirkomulag við úthlutun flutningsgetu og verklagsreglur til að bregðast við kerfisöng eiga að stuðla að aukinni samkeppni og hvetja til viðskipta með (lausa) flutningsgetu og skulu samrýmast markaðsfyrirkomulagi, þ.m.t. uppboðsmarkaðir (skyndimarkaðir) og markaðstorg. Þær skulu vera sveigjanlegar og auðvelt að aðlaga þær breyttum markaðsadstæðum.
2. Í þessu fyrirkomulagi og verklagsreglum skal tekið tillit til heildstæðis viðkomandi kerfis ásamt afhendingaröryggi.

3. Í þessu fyrirkomulagi og verklagsreglum skal hvorki vera eitthvað sem hindrar komu nýrra aðila á markaðinn né eitthvað sem skapar óþarfa hindranir að markaðsaðgangi. Fyrirkomulagið og verklagsreglurnar skulu ekki koma í veg fyrir árangursríka samkeppni markaðsaðila, þ.m.t. nýir aðilar á markaðinum og fyrirtæki með litla markaðshlutdeild.
4. Með þessu fyrirkomulagi og verklagsreglum skulu lögð til viðeigandi efnahagsleg merki fyrir skilvirka hámarksnotkun á tæknilegri flutningsgetu og þau skulu auðvelda fjárfestingar í nýju grunnvirki.
5. Kerfisnotendum skal tilkynnt um hvaða aðstæður kunna að hafa áhrif á tiltækileika samningsbundinnar flutningsgetu. Upplýsingar um röskun skulu vera í samræmi við það stig upplýsinga sem flutningskerfisstjórinn hefur aðgang að.
6. Ef vandkvæði koma upp, að því er varðar að uppfylla samningsskyldur um afhendingu vegna heildstæðis kerfis, skulu kerfisflutningsstjórar tilkynna það kerfisnotendum og leita tafarlaust lausnar án mismununar.

Flutningskerfisstjórar skulu hafa samráð við kerfisnotendur að því er varðar verklagsreglur áður en þær koma til framkvæmdar og bera þær undir eftirlitsyfirvöld.

## 2.2. Verklagsreglur til að bregðast við kerfisöng þegar um er að ræða samningsbundna kerfisöng

1. Í því tilviki að samningsbundin flutningsgeta er ónýtt skulu flutningskerfisstjórar sjá til þess að flutningsgetan sé tiltæk á frummarkaði á rjúfanlegum grundvelli í krafti samninga með mismunandi samningstíma svo fremi að viðkomandi kerfisnotandi bjóði ekki flutningsgetuna á eftirmarkaði á sanngjörnu verði.
  2. Tekjum af rjúfanlegri flutningsgetu, sem hefur verið losað um, skal skipt í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um eða sem eru samþykktar af hálfu viðkomandi eftirlitsyfirvalds. Reglurnar skulu samrýmast kröfu um árangursríka og skilvirka notkun á kerfinu.
  3. Viðkomandi eftirlitsyfirvald getur ákvarðað sanngjarnt verð fyrir lausa rjúfanlega flutningsgetu, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna sem eru ríkjandi.
  4. Ef við á, skulu flutningskerfisstjórar leitast við, með sanngjörnum hætti, að setja á markað a.m.k. hluta af ónotaðri flutningsgetu sem áreiðanlega flutningsgetu.
- 3. Skilgreiningu á tæknilegum upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að kerfisnotendur fái skilvirkan aðgang að kerfinu, skilgreiningu á öllum viðeigandi stöðum þar sem kröfur um gagnsæi gilda og upplýsingar sem skal birta á öllum viðeigandi stöðum og tímaáætlun um birtingu þeirra upplýsinga.**

### 3.1. Skilgreining á tæknilegum upplýsingum sem kerfisnotendur þurfa til að fá skilvirkan aðgang að kerfinu

Flutningskerfisstjórar skulu a.m.k. birta eftirfarandi upplýsingar um kerfi sín og þjónustu:

- a) nákvæma og ítarlega lýsingu á mismunandi þjónustu sem er í boði og hvað hún kostar,
- b) mismunandi gerðir af flutningssamningum sem eru tiltækir fyrir þessa þjónustu og, eftir því sem við á, kerfisreglur og/eða stöðluð skilyrði þar sem réttur og ábyrgð allra kerfisnotenda eru tilgreind, þ.m.t. samræmdir flutningssamningar og önnur viðkomandi skjöl,
- c) samræmdar verklagsreglur, sem er beitt þegar flutningskerfið er notað, þ.m.t. skilgreining á lykilhugtökum,
- d) ákvæði um úthlutun flutningsgetu, viðbrögð við kerfisöng og verklagsreglur til að koma í veg fyrir söfnun og vegna endurnýtingar,
- e) þær reglur sem gilda um viðskipti með flutningsgetu á eftirmarkaði gagnvart flutningskerfisstjóra,
- f) ef við á, sveigjanleika- og þolmörk sem felast í flutningi og annarri þjónustu án sérstaks gjalds, ásamt sveigjanleika sem er í boði til viðbótar og samsvarandi gjöld,



- g) nákvæma lýsingu á gaskerfi flutningskerfisstjóra þar sem tilgreindir eru allir viðkomandi staðir sem tengja saman það kerfi og kerfi annarra flutningskerfisstjóra og/eða gasgrunnvirki, s.s. fljótandi jarðgas (LNG) og nauðsynleg grunnvirki til að veita stoðþjónustu eins og skilgreint er í 14. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/73/EB,
- h) upplýsingar um gæði gass og kröfur um þrýsting,
- i) reglur sem gilda um tengingu við kerfið sem flutningskerfisstjóri starfrækir,
- j) hvers konar tímanlegar upplýsingar að því er varðar fyrirhugaðar og/eða raunverulegar breytingar á þjónustu eða skilyrðum, þ.m.t. atriðin sem skráð eru í a- til i-lið.

### 3.2. Skilgreining á öllum viðeigandi stöðum þar sem kröfur um gagnsæi gilda

Viðkomandi staðir skulu a.m.k. ná yfir:

- a) alla inntaksstaði í kerfi sem starfrækt er af flutningskerfisstjóra,
- b) mikilvægustu úttaksstaði í kerfi og úttakssvæði, sem ná yfir a.m.k. 50% af heildarúttaksgetu kerfis tiltekins flutningskerfisstjóra, þ.m.t. allir úttaksstaðir eða úttakssvæði sem taka til meira en 2% af heildarúttaksgetu kerfisins,
- c) alla staði sem tengjast mismunandi kerfum flutningskerfisstjóra,
- d) alla staði sem tengja kerfi flutningskerfisstjóra við birgðastöð fyrir fljótandi jarðgas,
- e) alla meginstaði í kerfi tiltekins flutningskerfisstjóra, þ.m.t. staðir sem tengjast gasleiðslumótum. Allir staðir sem eru líklegir til að verða fyrir raunverulegri kerfisöng, byggt á fenginni reynslu, teljast mikilvægir,
- f) alla staði sem tengja kerfi tiltekins flutningskerfisstjóra við grunnvirki sem er nauðsynlegt til að veita stoðþjónustu eins og er skilgreint í 14. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/73/EB.

### 3.3. Upplýsingar sem birta skal á öllum viðkomandi stöðum og tímaáætlunin sem upplýsingarnar skulu birtar samkvæmt

1. Flutningskerfisstjórar skulu birta eftirfarandi upplýsingar um stöðu flutningsgetu á öllum viðkomandi stöðum, allt að daglega á Netinu, með jöfnu millibili og á notendavænan og staðlaðan hátt:
  - a) tæknilega hámarksflutningsgetu fyrir flæði í báðar áttir,
  - b) samningsbundna og rjúfanlega heildarflutningsgetu og
  - c) tiltæka flutningsgetu.
2. Flutningskerfisstjórar skulu birta tiltæka flutningsgetu fyrir alla viðkomandi staði að því er varðar a.m.k. 18 mánaða tímabil fram í tímann og uppfæra upplýsingarnar a.m.k. mánaðarlega eða oftár ef nýjar upplýsingar liggja fyrir.
3. Flutningskerfisstjórar skulu daglega birta uppfærslur á tiltækri skammtímaþjónustu (fyrir næsta dag og næstu viku) sem byggjast m.a. á ráðstöfunum, gildandi samningsbundnum skuldbindingum og reglulegum langtímaspám um tiltæka flutningsgetu á ári og á allt að 10 árum fyrir alla viðkomandi staði.
4. Flutningskerfisstjórar skulu birta sögulegt hámarks- og lágmarkshlutfall á mánaðarlegri nýtingu flutningsgetu og samfellt meðalflæði á ári á öllum viðkomandi stöðum síðastliðin þrjú ár.
5. Flutningskerfisstjórar skulu halda daglega skrá yfir raunverulegt uppsafnað flæði a.m.k. síðustu þrjú mánuði.
6. Flutningskerfisstjórar skulu halda nákvæmar skrár yfir alla samninga um flutningsgetu og allar aðrar viðkomandi upplýsingar í tengslum við að reikna út og veita aðgang að tiltækri flutningsgetu, sem viðkomandi yfirvöld í hverju ríki fyrir sig skulu hafa aðgang að til að geta gegnt skyldum sínum.

7. Flutningskerfisstjórar skulu láta í té notendavæn tæki til að reikna út gjaldskrár fyrir tiltæka þjónustu og til að staðfesta tiltæka flutningsgetu á Netinu.
  8. Þegar flutningskerfisstjórar geta ekki birt upplýsingar í samræmi við 1., 3. og 7. lið skulu þeir hafa samráð við viðkomandi stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig og gera aðgerðaáætlun um framkvæmd eins fljótt og kostur er en eigi síðar en 31. desember 2006.
-

## II. VIÐAUKI

## SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EB) nr. 1775/2005	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
—	3. gr.
—	4. gr.
—	5. gr.
—	6. gr.
—	7. gr.
—	8. gr.
—	9. gr.
—	10. gr.
—	11. gr.
—	12. gr.
3. gr.	13. gr.
4. gr.	14. gr.
—	15. gr.
5. gr.	16. gr.
—	17. gr.
6. gr.	18. gr.
—	19. gr.
—	20. gr.
7. gr.	21. gr.
8. gr.	22. gr.
9. gr.	23. gr.
10. gr.	24. gr.
11. gr.	25. gr.
12. gr.	26. gr.
13. gr.	27. gr.
14. gr.	28. gr.
15. gr.	29. gr.
16. gr.	30. gr.
—	31. gr.
17. gr.	32. gr.
VIÐAUKI	I. VIÐAUKI